

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartún 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 30.4.2026
Tilvísun: 202602-001636/6.01.04

Efni: Umsögn Vinnueftirlits ríkisins vegna fyrirhugaðrar endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Vinnueftirlitsins um mál nr. 0224/2026 vegna fyrirhugaðrar endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang við Laxabraut í Þorlákshöfn.

Vinnueftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fjallar um öryggi og vellíðan starfsfólks á vinnustöðum, þar á meðal stórslysavarnir þar sem hættuleg efni eru notuð í miklu magni. Umsögn þessi lýtur því aðeins að því hvernig fyrirhuguð starfsemi varðar fyrrnefnd lög og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Er umsögn þessi byggð á þeim gögnum sem liggja fyrir og þá aðallega á matsáætlun um framkvæmdina.

Reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, gildir líklega um fyrirhugaða starfsemi en reglugerðin gildir um starfsstöðvar þar sem hættuleg efni, sem tilgreind eru í 1. eða 2. hluta I. viðauka hennar. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar, sbr. 31. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig 51. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Markmiðið er að gerðar séu öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði fólks og umhverfis, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Ávallt þarf að meta kosti og galla mismunandi aðferða og leggja mat á hver þeirra er hentugust m.t.t. allra þátta, þ.m.t. kostnaðar, afkasta, öryggis og umhverfisáhrifa.

Fyrirhugað er að reisa endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang við Laxabraut í Þorlákshöfn. Lífræni úrgangurinn yrði aðallega úrgangur frá fiskeldi og landbúnaði á svæðinu, auk þess sem gert er ráð fyrir að taka við úrgangi frá stærra landsvæði, m.a. af Suðurlandi. Í stöðinni verður úrgangnum umbreytt í lífgas og áburð og er hönnun miðað við að taka á móti allt að 100.000 tonnum af úrgangi árlega.

Framleiðsluferlið er í grófum dráttum þannig að tekið er á móti úrgangi í móttökuhúsi þar sem viðhafður er neikvæður loftþrýstingur til að draga úr lyktarmengun út fyrir húsið. Úrgangnum er sturtað í móttökutanka og þaðan dælt í blöndunartanka þar sem hann er blandaður vatni og öðrum efnum til að mynda einsleitan lífmassa. Lífmassinn er síðan leiddur í gerjunartanka þar sem lífgas myndast og áburður verður eftir. Lífgasinu er safnað og áburðurinn unninn áfram, þurrkaður og pakkaður. Gert er ráð fyrir að lífgasið verði nýtt til orkuframleiðslu með bruna í svokallaðri lífgasvél sem framleiðir raforku og varma.

Kostir staðsetningar eru meðal annars:

- Nálægð við hráefni, einkum vegna uppbyggingar fiskeldis á svæðinu og nálægðar við landbúnað og matvælavinnslu.
- Fyrirhuguð staðsetning er á skipulögðu iðnaðarsvæði þar sem innviðir eru til staðar.
- Greiðar samgöngur bæði á landi og sjó.

Þar sem fyrirhugað er að geyma og meðhöndla umtalsvert magn efna þarf að huga sérstaklega að því hvort starfsstöðin falli undir reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Reglugerðin gerir auknar kröfur til starfsstöðva, m.a. um virkt öryggisstjórnunarkerfi, og tekur jafnframt til svokallaðra dómínó-áhrifa þar sem atburður á einni starfsstöð getur haft áhrif á aðrar starfsstöðvar á sama svæði. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki á sama svæði hafi samráð um öryggismál og geri ráðstafanir til að bregðast við slíkum hættum.

Helstu efni í ferlinu sem geta fallið undir reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, eru eftirfarandi:

Lífgas (biogas) er að mestu metan, þó samsetning þess geti verið breytileg, einkum með tilliti til koltvísýrings og raka. Gert er ráð fyrir að lífgasið verði hreinsað þannig að það verði að mestu metan. Slíkt gas getur fallið undir flokk 18 í II. hluta I. viðauka reglugerðar nr. 1050/2017 (jarðgas), að því gefnu að súrefnisinnihald sé innan við 1%. Endanleg flokkun ræðst af samsetningu gassins og því þarf að gera nánari grein fyrir henni. Lægri mörk fyrir efni í þessum flokki eru 50 tonn en efri mörk 200 tonn. Gert er ráð fyrir að forðatankur fyrir lífgas verði um 4.200 m³ en magn í tonnum fer eftir þrýstingi og aðstæðum. Við venjulegan þrýsting er magnið talið um 3 tonn á hverjum tíma, nánari útfærsla liggur ekki fyrir og þarf að gera nánari grein fyrir þessu atriði.

Brennisteinsvetni (H₂S) myndast við gerjun og verður fjarlæggt úr lífgasinu með hreinsibúnaði. Gert er ráð fyrir að því verði ekki safnað eða geymt á staðnum heldur losað út í andrúmsloftið. Efnið er eitrad í háum styrk og því er mikilvægt að tryggja að það sleppi ekki út í vinnuumhverfi og að losun fari fram með þeim hætti að hún valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir starfsfólk eða nærliggjandi byggð.

Helstu áhættuþættir starfseminnar eru eftirfarandi:

1. Eldur eða sprenging í metani sem getur valdið verulegum eldsvoða og þrýstingsáhrifum. Mikilvægt er að öryggisstjórnunarkerfi taki mið af þessari hættu og að búnaður sé valinn með tilliti til sprengihættu (neistafrír búnaður).
2. Losun brennisteinsvetnis sem getur valdið heilsutjóni fyrir starfsfólk ef styrkur verður hár.
3. Lyktarmengun sem getur haft áhrif á starfsfólk og íbúa í nágrenni ef kerfi sem eiga að draga úr slíkri mengun virka ekki sem skyldi.
4. Líffræðilegir skaðvaldar sem geta borist með lífrænum úrgangi og geta skapað hættu fyrir starfsfólk ef ekki er gripið til videigandi ráðstafana.

Líkur á alvarlegum óhöppum ráðast að miklu leyti af hönnun, rekstri og viðhaldi kerfa. Með virku öryggisstjórnunarkerfi og viðeigandi búnaði má halda áhættu í lágmarki.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina á þessu stigi. Hins vegar er bent á eftirfarandi atriði sem gera þarf nánari grein fyrir:

Gera þarf grein fyrir hámarks magni og samsetningu lífgass til að unnt sé að meta hvort og þá hvernig starfsemin fellur undir reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, en það getur falið í sér skyldu til að gera öryggisskýrslu eða áætlun um stórslysavarnir.

Gera þarf nánari grein fyrir meðhöndlun og losun brennisteinsvetnis og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að tryggja öryggi starfsfólks, þar með talið með tilliti til loftgæða, lyktarmengunar og útsetningar fyrir efninu.

Við hönnun og rekstur þarf að taka tillit til hættu af völdum líffræðilegra skaðvalda sem geta borist með lífrænum úrgangi og tryggja að viðeigandi varnir séu til staðar.

Þar sem unnið er með eldfimar lofttegundir þarf að uppfylla ákvæði reglna um sprengifimt andrúmsloft og tryggja að búnaður og verklag taki mið af því.

Vinnueftirlitið minnir á að við hönnun, uppbyggingu og rekstur stöðvarinnar þarf að fylgja lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim. Um starfsemina eða hluta hennar gilda meðal annars eftirfarandi reglur og reglugerðir:

Reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna,

Reglugerð nr. 349/2004, um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum,

Reglugerð nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað,

Reglugerð nr. 920/2006, skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum,

Reglugerð nr. 553/2004, verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Vinnueftirlitsins



Heimir Guðmundsson



Guðmundur Mar Magnússon

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfoss 25. mars 2026
Tilvísun: 26021357

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um tilkynningu um matsskyldu - Endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 24. febrúar 2026, vegna endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn. Endurvinnslustöðin mun umbreyta lífrænum úrgangi úr fiskeldi og landbúnaði í lífgas og lífrænan áburð. Með verkefninu er stefnt að því að bæta innviði á Íslandi til móttöku lífræns úrgangs sem ekki má lengur urða og/eða er í of miklu magni fyrir sérstakar móttökustöðvar sem eru nú þegar til staðar. Gert er ráð fyrir móttöku á alla að 100.000 tonnum af lífrænu efni á ári og áætlað er afurðirnar verði allt að 88.000 tonn af áburðarvökva og 12 milljón m³ af lífgasi á ári.

Matvælastofnun fer með málaflokka er varða aukaafurðir dýra í samræmi við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Umrædd framkvæmd mun þurfa starfsleyfi til vinnslu á aukaafurðum dýra, skráningu sem áburðarfyrirtæki og skráningu á áburðarvöru hjá Matvælastofnun.

Vinnsluaðferð hráefnisins er lýst er í kafla 2.3. Matvælastofnun þarf nánari upplýsingar um það nákvæmlega hvaða hráefni á að vinna í endurvinnslustöðinni þannig að hægt sé að vera fullviss um að réttri vinnsluaðferð sé beitt til þess að tryggja öryggi vörunnar sem á að afhenda notendum.

Í kafla 3.6 kemur fram að endurvinnslustöðin sé hönnuð að fyrirmynd endurvinnslustöðvarinnar Førka í Færeyjum. Í tilkynningunni kemur eingöngu fram að Førka endurnýti úrgang úr laxeldi, en við nánari athugun kemur í ljós að stöðin endurnýtir vissulega úrgang úr laxeldi (1/3 – fiskiúrgangur og fiskimykja úr seiðaeldi - ferskvatn) en einnig kúamykju (2/3) og líka lífrænum úrgagni frá veitingastöðum í nágrenninu. Í tilfelli umræddrar endurvinnslustöðvar í Þorlákshöfn eru hráefnin sögð vera úr fiskeldi og landbúnaði, nánar tiltekið fiskiúrgangur, dauðfiskur og svínaúrgangur. Matvælastofnun telur að skýra þurfi betur hvaða hráefni eigi að vinna með í endurvinnslustöðinni og hvaða áburðargildi áburðarvaran muni hafa fyrir notendur.

Í sama kafla kemur fram að á lóðum beggja vegna við stöðina verði sláturhús fyrir lax þar sem lífrænn úrgangur muni falla til og að lyktaráhrif í næsta nágrenni verði því óveruleg. Matvælastofnun getur ekki tekið undir það að lyktaráhrif vegna framkvæmdarinnar verði óveruleg því að á næstu lóðum sé laxasláturhús. Matvælastofnun vill koma á framfæri að við laxabraut, í nágrenni stöðvarinnar, fer fram bæði frumframleiðsla og matvælavinnsla en vert er að meta áhrif endurvinnslustöðvarinnar á slíka starfsemi.

Í kafla 3.8 kemur fram að áburður frá endurvinnslustöðinni fari sömu leið og áburður sem er fluttur inn í gegnum Þorlákshafnarhöfn. Matvælastofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir flutningi áburðarvökva til notenda. Fyrir 88.000 tonn af áburði þarf 12 tankbíla á dag, alla daga ársins til þess að koma efninu til notenda. Ef tekið er tillit til þess að ekki er æskilegt að dreifa áburði nema vissan tíma ársins þá er

hægt að áætla að um 20 tankbíla á dag þurfi til þess að flytja áburðinn frá stöðinni til notenda á þeim tíma ársins sem áburði er dreift.

Matvælastofnun tekur undir að það sé nauðsynlegt að endurnýta þau næringarefni sem falla til á Íslandi sem næringarefni sem nýta má hér á landi en bendir á að mikilvægt sé að slíkar framkvæmdir séu vel ígrundaðar og unnar. Í tilkynningu vegna framkvæmdarinnar kemur fram að endurvinnslustöðin muni umbreyta lífrænum úrgangi úr fiskeldi og landbúnaði í metanríkt lífgas og næringarríkan lífrænan áburð. Matvælastofnun telur að framkvæmdinni sé ekki gerð nægjanleg góð skil í tilkynningu framkvæmdaraðila. Ekki er skýrt nákvæmlega hvaða hráefni verði notuð í lífgas- og áburðargerðina, hvaða vara verður afhent notendum, hvert áburðargildið er, er vilji hjá notendum að nýta vöruna, er ákjósanleg leið að afhenda vöruna á vökvaformi, hvernig er öryggi áburðarins tryggt, hvernig er með lyktarmengun þar sem áburðurinn er notaður.

Með tilliti til ofangreindra þátta þá telur Matvælastofnun þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat m.t.t. umfangs, vinnslu og afurða.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar


Jarle Reiersen
Deildarstjóri aukaafurða og aðfanga


Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri áburðarmála



Skipulagsstofnun

**Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 24. mars 2026
2603138HS RS

Efni: Endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn - umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 24. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn.

Fyrirhugað er að reisa endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang, sem fellur til í fiskeldisstöðvum og landbúnaði, og vinna metanríkt lífgas og lífrænan áburð. Til að byrja með er áætlað að stöðin taki á móti 30.000 tonnum af úrgangi árlega, en hún verður hönnuð til að geta annað allt að 100.000 tonn árlega. Áætlað er að vinnsla á lífgasi verði 4-12 milljónir m³ og lífrænum áburði 15-40 þúsund tonn. Fyrirhuguð stöð verður á iðnaðarsvæði við Laxabraut 25-31, sem er um 2 km vestan Þorlákshafnar. Framleiðslan verður í lokuðu kerfi til að draga úr lyktarmengun. Afferming flutningstækja fer fram í lokuðu húsi með neikvæðum þrýstingi og mengungarvarnarbúnaður verður á útblæstri. Meltan fer í áburðargeymi og úr honum er hún flutt til notenda í lokuðum flutningabílum. Lífgasinu er dælt í gasgeymslu og áfram í lífgasvél þar sem það er notað til að framleiða rafmagn og hita.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina jarðmyndanir, gróður og fuglar, fornminjar, lykt, ásynd, umferð og efnahætta. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framvæmdarinnar talin engin á fornminjar og óveruleg á aðra umhverfisþætti sem teknir voru fyrir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Embættið bendir á að reynslan af sambærilegri úrgangsendurvinnslu í grennd við íbúðarbyggð hefur hingað til ekki verið góð, en kvartanir vegna lyktarmengunar berast reglulega þrátt fyrir að verklag og mengunarvarnabúnaður sé til staðar til að draga úr ólykt frá slíkri starfsemi.



2. Í greinargerðinni kemur ekki skýrt fram hvernig geymslu áburðar verður háttáð uns hægt er að dreifa honum á ófrosna jörð. Hvað er áætlað að stöðin geti geymt mikið magn og verða viðtakendur áburðar að koma sér upp sérstökum geymslum til að geta tekið á móti honum og geymt?

Embættið telur að öðru leyti að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar. En vegna eðli starfseminnar og hættu á lyktarmengun í íbúðarbyggð metur embættið að framkvæmdin ætti að undirgangast umhverfismat.

Embættið veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HMS

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirspurn endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn

Tilvísun: Mál nr. 0224/2026

Vísað er til erindis dagsetts 24. febrúar 2026 „Endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn.“ Matsskyldufyrirspurn.

Vegagerðin hefur rýnt matsáætlunina á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í skýrslunni kemur fram að stór hluti hráefnisins muni koma frá landeldisstöðvum sem staðsettar eru á iðnaðarsvæðinu sunnan við Þorlákshöfn og að flutningsleiðin verði að mest um Laxabraut, sem er sveitarfélagsveg, þ.e. í umsjón sveitarfélagsins og ekki Vegagerðarinnar. Enn fremur kemur fram að annað hráefni, t.d. frá landbúnaði, muni aðallega koma frá SV-horninu og að sá flutningur gæti þýtt aukna umferð um Þrengslaveg og Þorlákshafnarveg. Ekki kemur fram hver flutningsleiðin verði að iðnaðarsvæðinu, né hvert umfang þeirra flutninga gætu orðið. Slíkar upplýsingar eru grundvöllur þess að Vegagerðin geti tekið afstöðu til hvort vinna þurfi samgöngumat vegna framkvæmdanna.

Vegagerðin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið. Vegagerðin bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þungra og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Komi til breytinga á áformum um efnisflutninga vekur Vegagerðin athygli á því að þungatakmarkanir gilda á vegum í umsjón Vegagerðarinnar.

Að öðru leyti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við framkvæmdina á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Bt. Sigurðar Ásbjörnssonar

Dags. 16. mars 2026
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2026-0069

Með erindi dags. 24. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna endurvinnslustöðvar fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd um matsskyldufyrirspurn þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skipulagsstofnun
b/t Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

9. mars 2026
UOS-4345/A.Ö.H

Efni: Umsögn - Matsskyldufyrirspurn - Endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsskyldufyrirspurn. First Water hf. hér eftir nefnt rekstraraðili áformar uppbyggingu á endurvinnslustöð lífræns úrgangs við Laxabraut 25-31 í Þorlákshöfn. Stöðin tæki við lífrænum úrgangi úr fiskeldi og landbúnaði sem yrði umbreytt í lífrænan áburð og metanríkt lífgas. Áætluð framleiðsla nemur allt að 4–12 milljónum m³ af lífgasi og um 15–40 þúsund tonnum af áburðarefni árlega. Til að byrja með er áætlað að taka á móti um 30.000 tonnum af lífrænum úrgangi árlega, en stöðin er hönnuð til að geta annað allt að 100.000 tonnum árlega.

Starfsleyfi

Í kafla 2.6 í matsskyldufyrirspurninni eru tekin fram þau leyfi sem rekstraraðili telur að framkvæmdin sé háð. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemin þarf starfsleyfi frá stofnuninni skv. lið 5.3 b) i. í viðauka I. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfseminni líkt og henni er lýst í fyrirspurninni er endurnýting (e. recovery) skv. skilgreiningu Waste Framework directive 2008/98.¹ Þó svo að í lið 5.3 b) í viðauka I. laga nr. 7/1998 standi orðið „endurheimt“, er átt við „endurnýtingu“ úrgangs sbr. úrskurð ráðherra umhverfis- og auðlindamála frá 7. júlí 2020.²

Búið er að skilgreina bestu aðgengilegu tækni fyrir starfsemi sem felur í sér líffræðilega meðhöndlun úrgangs, þar sem fram fer loftfírrð meltun með afkastagetu yfir 100 tonn á dag í „Best Available techniques (BAT) Reference Document for Waste Treatment, 2018“ og BAT-niðurstöðum vegna úrgangsmeðhöndlunar.³

¹ [Directive 2008/98/EC](#)

² UMH20060087/8.14

³ [Best available techniques \(BAT\) conclusions for waste treatment](#)

Í ferlinu sem ákvarðar BAT-niðurstöður er gert ítarlegt BAT-tilvísunarskjal (e. BAT reference document; BREF) þar sem gerð er greining á mengun frá umræddri starfsemi. Niðurstöður þeirrar greiningar eru notaðar til að ákvarða mörk og tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum. Í BREF skjalinu fyrir úrgangsméðhöndlun⁴ er að finna ítarlega umfjöllun um líffræðilega meðhöndlun úrgangs í 4. kafla.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að mikilvægt sé að horft verið til BAT-niðurstaðna við uppbyggingu starfseminnar og við fjárfestingu í búnaði því að í starfsleyfi yrði gerð krafa um að starfsemin væri í samræmi við BAT niðurstöður.

Losun lyktar

Vegna umfangs og tegundar úrgangs sem stöðinni er ætlað að meðhöndla getur orðið ónæði vegna lyktarmengunar frá stöðinni þrátt fyrir fullkominn mengunarvarnarbúnað.

Reynslan hefur sýnt að þótt fyrirtæki sem eru í úrgangsendurvinnslu eða -endurnýtingu séu með viðeigandi mengunarvarnabúnað þá verður starfsemin aldrei alveg lyktarlaus og algengt er að talsvert sé um kvartanir. Fyrirhuguð staðsetning er í um 2 km fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum í Þorlákshöfn.

Til samanburðar má nefna að Gaja og urðunarstaður SORPU á Álfsnesi eru í rúmlega 2-3 km fjarlægð frá næstu íbúðahverfum í Mosfellsbæ. Vegna umfangs og tegundar úrgangs sem þar er tekið á móti hafa ítrekað borist kvartanir frá íbúum vegna ólyktar. Orkugerðin í Árborg sem meðhöndlar sláturúrgang er með góðan mengunarvarnarbúnað en sökum eðlis úrgangsins sem þar er unnið með berast reglulega kvartanir frá nágrönnum stöðvarinnar til Umhverfis- og orkustofnunar vegna ólyktar frá starfseminni.

Stofnunin bendir á að ólykt er mengun skv. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að verið sé að finna farveg fyrir þennan úrgangsflokk. Vegna umfangs og tegundar úrgangs sem um ræðir er hins vegar hættu á því að starfsemin muni valda ónæði og mengun í formi ólyktar, sbr. 1. mgr., tl. 1. v. í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfis- og orkustofnun telur því að áformuð endurvinnslustöð ætti að undirgangast umhverfismat.

⁴ [Best Available Techniques \(BAT\) Reference Document for Waste Treatment](#)

Umhverfis- og orkustofnun ítrekar einnig að starfsemin er starfsleyfisskyld hjá stofnuninni og að slíkt starfsleyfi yrði byggt á BAT-niðurstöðum vegna úrgangsméðhöndlunar, sem búið er að þýða yfir á íslensku.⁵

Virðingarfyllst,

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

⁵ [Besta aðgengilega tækni \(BAT\) niðurstöður vegna úrgangsméðhöndlunar](#)